

Viðmið um málstefnu í skóla og frístundastarfi Menntasviðs Kópavogsbæjar til 2030

INNGANGUR

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og tungumál menntasviðs Kópavogsbæjar. Hún er í öndvegi í samræmi við þingsályktun um íslenska málstefnu frá 2009 og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls frá 2011 (nr. 61/2011). Málnotkun sviðsins er starfsstöðvum þess til fyrirmyndar og viðhöfð í öllum samskiptum og þjónustu Menntasviðs þar sem notað er vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað.

Í rafrænni þjónustu menntasviðs Kópavogs skal allt mál vera skýrt og auðskiljanlegt þannig að þjónustuþegar geti með auðveldum hætti nálgast framboð þjónustu, hagnýtt sér hana og lokið erindum sínum.

Viðmið um málstefnu menntasviðs Kópavogsbæjar tekur mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingum af hálfu Menntasviðs eins og Stefnu Kópavogsbæjar, Málstefnu Kópavogsbæjar, Menntastefnu Kópavogsbæjar til 2030 og stefnum sveitarfélagsins, s.s. stefnu velferðarsviðs, lýðheilsustefnu, jafnréttisstefnu og menningarstefnu.

Viðmiðin byggja á grundvallaratriðum þessara stefna um jafnræði, virðingu, traust, gagnsæi, góðu aðgengi að upplýsingum og virkum samskiptum.

FRAMTÍÐARSÝN

Menntasvið Kópavogsbæjar er fyrirmynd annarra sviða í að rækta og efla íslenska tungu og hún er í öndvegi í öllum samskiptum sviðsins og á starfsstöðvum þess. Vinsemd og virðing er sýnd einstaklingum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem sviðið og starfsstöðvar þess þjóna.

Jákvætt og ríkulegt málumhverfi einkennir alla starfsemi og þjónustu sviðsins. Stafræn tækni og gervigreind eru nýtt eins og kostur er í samskiptum og upplýsingamiðlun til að tryggja jafnt aðgengi allra að upplýsingum.

Virðing fyrir ólíkri menningu og tungumálum ríkir meðal starfsfólks sem birtist í skilningi, markvissum stuðningi og tilliti gagnvart þeim sem eiga ekki íslensku að móðurmáli.

LEIÐARLJÓS

Jafnræði

Jafnræði tryggir öllum jöfn tækifæri til að læra, tjá sig og taka þátt í samfélaginu óháð uppruna eða tungumálafærni. Með aðgengi að íslensku og nauðsynlegum úrræðum styrkjum við samheldni og gerum móðurmálið að lifandi og aðgengilegri tungu sem sameinar okkur sem þjóð.

Inngilding

Inngilding vísar til margbreytileika þar sem jaðarsetning víkur og felur meðal annars í sér að virða ólíkan menningarbakgrunn, tungumál og tjáningarform. Með inngildingu byggjum við sterkt og opið samfélag þar sem öllum býðst að taka þátt á eigin forsendum.

Jákvæðni

Við sýnum jákvæðni, skilning og hlýlegt viðmót gagnvart þeim sem tileinka sér íslensku og hvetjum alla til að nota tungumálið af öryggi. Með jákvæðni eflum við færni í íslensku, samskiptum og þátttöku í samfélagi.

Virðing

Virðing í samskiptum felur í sér umhyggju, sanngirni og kurteisi í orðavali og framkomu og styður þannig við jákvæða málnotkun, traust og samvinnu.

Viðmið

1. Íslenska sem samskiptamál

Íslenska er meginmál í samskiptum og grundvöllur virkrar þátttöku í samfélaginu. Vönduð málnotkun stuðlar að góðum samskiptum. Aðgengi að túlkapjónustu tryggir að öll geti skilið upplýsingar og geti tekið þátt í samtölum. Máltækni, stafrænar lausnir, talgervlar og gervigreind auðvelda samskipti og miðlun upplýsinga.

Markmið 1.1 Miðlun upplýsinga

Íslenska er í forgrunni samskipta. Upplýsingar eru veittar á íslensku og ef þörf krefur á ensku samkvæmt verklagi. Forsjáraðilar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn fá fræðslu um hvernig þeir nálgast upplýsingar og styðja við börn sín í íslenskunámi og málnotkun.

Markmið 1.2 Stafræn tækni

Stafræn tækni og gervigreind auka aðgengi að íslensku efni og styðja við málnotkunina. Talgervlar, þýðingarforrit og aðrar stafrænar lausnir auðvelda samskipti, sérstaklega fyrir þau sem eru að tileinka sér tungumálið. Skólar og heimili styðja íslenskufærni barna með lestri, nýtingu bókasafna og stafrænnar tækni.

2. Menningarleg sjálfsmynd

Íslenskan er órjúfanlegur hluti sjálfsmyndar Íslendinga og lykill að íslensku samfélagi. Hún tengir okkur við menningararfinn; sögu þjóðarinnar og skapar grundvöll fyrir tjáningu, túlkun og sköpun. Virkt málumhverfi og meðvituð ræktun tungumálsins stuðlar að framþróun íslenskunnar sem lifandi samskiptamáls. Virðing fyrir öðrum tungumálum styrkir íslenskuna sem sameiningartákn þar sem öllum er gefið rými til að læra og nota hana.

Markmið 2.1 Styrkjum tengsl íslensku og menningararfsins

Íslenskan tengir okkur við menningararfinn. Börn, ungmenni og starfsfólk skóla og frístunda hafa þekkingu og skilning á menningararfinum. Læsi á samfélag og náttúru verður eftt og menningararfurinn nýttur til tjáningar, túlkunar og sköpunar.

Markmið 2.2 Virðum og fögnum menningarlegri fjölbreytni

Fjölbreytt tungumál og menning auðga samfélagið. Lögð er áhersla á að fagna menningarlegum fjölbreytileika, efla aðlögunarhæfni, dýpka skilning og stuðla að inngildingu allra í skóla- og frístundastarfi.

3. Tölum og þróum íslensku

Íslenska er þjóðtunga okkar; lifandi mál sem breytist og þróast í takt við tímann. Málrækt felst í að mynda ný orð, endurvekja gömul, gefa þeim nýja merkingu og taka inn áhrif úr öðrum tungumálum með gagnrýnu vali. Með því að tala íslensku og nota hana sem fyrsta mál tryggjum við varðveislu hennar og erum góð málifyrimynd fyrir okkur og önnur. Þau sem læra íslensku fá tækifæri til að efla færni sína í málinu með stuðningi eins og látbragði, táknum og myndefni til að auðga skilning og virka þátttöku í samfélaginu.

Markmið 3.1 Eflum færni starfsfólks í íslensku

Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi þarf að geta tjáð sig á íslensku af öryggi og fá tækifæri til að efla kunnáttu sína í málinu á vinnutíma. Nauðsynlegt er að það hafi íslenskufærni til að styðja við nám barna og ungmenna. Aðgengi að starfsmiðaðri íslenskukennslu og fjölbreyttum námskeiðum á vinnutíma stuðlar að aukinni færni starfsfólks.

Markmið 3.2 Kennum og þjálfum íslensku í námi og leik

Markviss málþjálfun frá leikskóla til grunnskóla styrkir málþroska, málvitund og málfærni. Með fjölbreyttum kennsluháttum og stafrænum lausnum eflum við læsi í viðtækum skilningi. Kennsla og námsmat fara fram á íslensku.

Markmið 3.3 Innleiðum menningarlæsi og fjölbreytta kennsluhætti

Kennarar fá þjálfun í menningarlæsi og fjölbreyttum kennsluháttum sem styðja við nemendur með margskonar tungumála- og menningarbakgrunna. Starfsfólk sýnir jákvætt viðhorf til færni nemenda í íslensku og hvetur þá á sama tíma til að rækta eigið tungumál.